

Brjef stjórnarráðsins til amímannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 63
amtinu, um kostnað við fjárskoðanir eptir þaðanir til útrýmingar 19. apríl
fjárkláða. — Með brjefi dags. 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hing-
 að erindi frá framkvæmdarstjóra O. Myklestad, þar sem hann óskar úrskurðar
 stjórnarráðsins um það, hvort kostnaðurinn við fjárskoðanir eptir að þaðanir til
 útrýmingar fjárkláða hafa farið fram eigi að greiðast af hlutadeigandi hreppum
 og sýslum eða úr landssjóði, og hafið þjer jafnframt vísað til brjets landshöfð-
 ingja til yðar dags. 10. okt. f. á. um þetta efni.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og
 birtingar fyrir framkvæmdarstjóra O. Myklestad, að stjórnarráðið verður að fall-
 ast á þá skoðun, sem landshöfðingi hefir haldið fram í ofangreindu brjefi, að
 fjárskoðanir þær, sem fram eiga að fara eptir þaðanir, sjeu einn liður af ráð-
 stöfunum til útrýmingar fjárkláðanum, samkvæmt lögum nr. 41, 13. nóvbr. f. á.,
 og telur því, að kostnaðurinn við fjárskoðanir þessar beri að greiða úr landssjóði
 samkvæmt 3. gr. nefndra laga.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 64
amtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi dags. 16. þ. m. hafið þjer, 25. maí
 herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysu-
 strandarhreppi, þarsem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar dagsettum
 9. marz f. á., sem ákveður, að skipstjóri Ólafur B. Waage skuli áltast sveit-
 lægur í fæðingarsveit sinni, hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi.

Meðþvíað stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að eigi
 sje sannað að nefndar Ólafur B. Waage hafi með óslitinni 10 ára dvöl unnið
 sjer rjett til framfærslu utan fæðingarhrepps síns, skal úrskurður yðar standa
 óhaggður.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birt-
 ingar.

Úrskurður amtsins.

Eptirað hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 12.
 ágúst f. á., þar sem þjer skjótið til amtsins ágreiningi milli yðar og bæjarfógetans í Reykja-
 vik um sveitfesti skipstjóra Ólafs B. Waage, sem varð þurfaudi fátækra styrks hjer í bænum
 í janúar f. á., og eptirað hafa leitað ýmsra upplýsinga í þessu máli, sem nauðsynlegar þóttu
 til þess að úrskurður yrði á það lagður, er það hjer með úrskurðað á þessa leið:

Fyrnefndur Ólafur B. Waage er fæddur í Suðarkoti í Vogum í hinum forna Vatns-
 leysustrandarhreppi í ágústm. 1858, og er það nú, eptirað ítrekaðar yfirheyrslur um lífsferil
 hans, sem hann hefir átt mjög bággt með að gefa skýrslu um, þótt hann sje maður á bezta
 aldri, hafa framfarið, sannað með vitnisburði tveggja áreiðanlegra manna hjer í bænum, að
 Ólafur B. Waage hafi komið hingað í bæinn haustið 1879, 21 árs gamall, til þess að nema
 sjómannafræði, en ekki 1877, eins og hann áður hafði skýrt frá. Hann hefir síðar játað, að
 vitnisburður þessara manna væri rjettur, en í brjefi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandar-

29. dag júnímánaðar 1904.